

⊥

7. BEKKUR 2014

STÆRÐFRÆÐI

GEYMIST Í SKÓLA

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- **Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.**
- **Svaraðu fjölvalsspurningum á svarblaðið.**
- Notkun vasareiknis er heimil í þessu hefti.
- Leyfð hjálpargögn eru reglustika, gráðubogi og vasareiknir.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.



⊥

⊥

⊥

23. Hvaða mælieiningu er hentugast að nota til að mæla vöxt plöntu vikulega í tvo mánuði?

- K desimetra
- L kílómetra
- M metra
- N sentimetra

24. Jón býr til hamborgara úr 5 kílóum af nautakjöti.

Hve marga hamborgara fær hann ef hver þeirra er 100 grömm?

- P 5
- R 15
- S 30
- T 50

25. Kalli átti 7000 kr. og fékk 12500 kr. í afmælisgjöf. Hann keypti sér tölvuleik fyrir 7500 kr. og fór í bíó og eyddi 2200 kr. Hann vann sér inn 3000 kr. með því að aðstoða nágranna sinn í garðinum. Hve mikla peninga á Kalli?

- V 9800 kr.
- X 12800 kr.
- D 17200 kr.
- E 32200 kr.

26. Vignir er frímerkjasafnari og F tákna fjölda frímerkja sem Vignir á. Hann gefur systur sinni 12 frímerki. Hver af stæðunum hér að neðan sýnir hvað Vignir á eftir af frímerkjum?

- A $F + 12$
- B $F - 12$
- C $12 - F$
- D $12 \cdot F$

27. María leggur af stað heiman frá sér kl. 07:15 að morgni. Á leið á stoppistöðina hittir hún Grétu vinkonu sína. Saman ganga þær í 12 mínútur þar til þær koma á stoppistöðina. Þær koma þangað nákvæmlega kl. 07:33 þegar vagninn fer af stað. Strætisvagninn er 19 mínútur á leiðinni að stoppistöðinni sem er næst skólanum. Stundvíslega kl. 08:05 mæta vinkonurnar í skólann.

Hve margar mínútur gengur María áður en hún hittir Grétu?

- F 3 mínútur
- G 6 mínútur
- H 12 mínútur
- I 18 mínútur

⊥

2

⊥

28. Vilborg gekk 324 km á 18 dögum.

Hve langt gekk hún á 2 dögum ef gönguhraðinn er jafn?

- K 18 km
- L 27 km
- M 36 km
- N 42 km

29. Í Eldborgarsal Hörpu er hægt að selja í 1600 sæti. Fyrir stórtónleika seldust 854 miðar í forsölu og einnig voru 279 miðar seldir í áskrift. Tónleikakvöldið voru 497 manns í biðröð eftir þeim miðum sem eftir voru.

Hve margir þeirra fengu miða?

- P 30
- R 248
- S 467
- T 497

Lyfjafyrirtæki þarf 64 lítra af nefúða til að fylla 8000 smáflöskur.

30. **Hve margar smáflöskur þarf þá ef lítrarnir eru 50?**

- V 1250 flöskur
- X 5900 flöskur
- P 6250 flöskur
- ✿ Æ 7620 flöskur

31. **Hve marga lítra af nefúða þarf til að fylla 10000 smáflöskur?**

- A 70 lítra
- B 75 lítra
- C 80 lítra
- D 90 lítra

32. Halli á tvær stílabækur og skiptir annarri í bókabúðinni og fær penna og 300 kr. til baka. Guðrún kaupir tvo eins penna og borgar 1200 kr.

Hvað kostar ein stílabók?

- F 200 kr.
- G 600 kr.
- H 900 kr.
- I 1200 kr.

⊥

⊥

⊥

33. Verslunareigandi keypti 35 fótbolta fyrir alls 28000 kr.

Hann seldi þá síðan á 1050 kr. hvern bolta.

Hvað þénaði hann margar krónur alls ef allir boltarnir seldust?

- K 800 kr.
- L 2500 kr.
- M 3330 kr.
- N 8750 kr.

34. Þyngd farangurs í flugi er takmarkaður við 20 kg á farþega og hægt er að borga yfirvigt að 4 kg. Fimm manna fjölskylda ætlar með flugi til Noregs. Farangurinn er vigtaður á baðvoginni heima; ferðataska 29,5 kg, önnur ferðataska 26,3 kg, lítil taska 16 kg, íþróttataska 13,2 kg, bakpoki 7,6 kg og göngupoki 5,4 kg. **Er þyngd farangursins innan marka?**

- P Já, hægt er að bæta þyngd við.
- R Já, passar nákvæmlega.
- S Nei, 2 kg fara í yfirvigt.
- T Nei, ferðatöskurnar eru allt of þungar.

35. Hvert þessara brota er jafnt og $\frac{2}{3}$?

V $\frac{1}{3}$

X $\frac{4}{5}$

P $\frac{6}{8}$

✿ Æ $\frac{6}{9}$

36. Bíll Snjólaugar kemst 8,5 km á bensínlíttranum.

Hve langt kemst hann á 60 lítrum?

- A 5,1 km
- B 85 km
- C 255 km
- D 510 km

⊥

4

⊥


⊥

⊥

⊥


37. Myndritið sýnir ferð flugvélar.
Hvert þessara svara er næst
meðalhraða flugvélarinnar?

- F 100 km/klst.
- G 250 km/klst.
- H 1000 km/klst.
- I 5000 km/klst.



38. Hvert er flatarmál skyggða svæðisins?

- K 16 cm^2
- L 36 cm^2
- M 64 cm^2
- N 100 cm^2



39. Lilian prinsessa, ekkja Bertils Svíaprins var 97 ára gömul þegar hún lést 2013.
Bertil lést árið 1997, 84 ára gamall.

Hver var aldursmunurinn á Lilian og Bertil?

- P Hann var þremur árum eldri en hún.
- R Hann var þrettán árum eldri en hún.
- S Hún var þremur árum eldri en hann.
- T Hún var þrettán árum eldri en hann.

40. Hugrún vinnur á bókasafni. Eitt af verkefnum hennar er að taka á móti
bókum sem fólk skilar inn. Á mánudaginn tók Hugrún á móti 124 bókum en
á þriðjudag tók hún á móti 61. Hvert af dæmunum hér fyrir neðan sýnir
mismuninn á fjölda bóka sem hún tók á móti?

- V $124 \div 61$
- X 124×61
- P $124 + 61$
- Æ $124 - 61$



⊥

5

⊥

⊥ ⊥ ⊥


41. Þórður og afi hans eiga afmæli sama dag. Þórður er 7 ára og er fæddur 2006 en afi hans er 72 ára. **Hvaða ár er afi Þórðar fæddur?**

- A 1934
- B 1940
- C 1941
- D 1948

42. Merktu hnitin A(4, 1), B(10, 3) og C(8, 9) í hnitakerfið.

Hvaða hnit ætti punkturinn D að hafa þannig að ferningurinn ABCD myndast?

- F (2, 7)
- G (3, 7)
- H (3, 8)
- I (4, 9)



43. Í rétthyrndum þríhyrningi er annað hvassa hornið 30° .

Hve stórt er hitt hvassa hornið?

- K 30°
- L 45°
- M 60°
- N 90°

44. Anton hellir safa í 8 stór glös og fyllir þau. **Hve mörg lítil glös sem taka $1/4$ af stóru glösunum, er hægt að fylla með sama magni af safa?**

- P 16
- R 20
- S 24
- T 32

⊥

⊥

⊥

45. Í Vatnaskóla eru sjöundubekkjia nemendur á leið í skólaferðalag. Í 7.A eru 12 drengir og 15 stúlkur, í 7.B eru 16 drengir og 11 stúlkur, í 7.C eru 14 drengir og 14 stúlkur og í 7.D eru 17 drengir og 13 stúlkur. Með í ferðinni eru einnig 6 kennarar. Gisting í ferðinni er þannig að 5 drengir eru saman í herbergi, en 4 stúlkur eru saman í herbergi. Kennarar gista í einmannsherbergjum.

Hve mörg herbergi þarf fyrir allan hópinn?

V 24 herbergi

X 26 herbergi

Þ 30 herbergi

Æ 32 herbergi

46. 28800 vatnsdropar úr lekum krana fylla eins lítra vaskafat. **Hve margir lítrar af vatni fara til spillis á einum sólarhring ef einn dropi fellur á hverri sekúndu?**

A 3 lítrar

B 4 lítrar

C 8 lítrar

D 20 lítrar

47. María og Georg eru í talnaleik. María nefnir fjórðu hverja tölu og byrjar 4 – 8 og svo framvegis en Georg nefnir sjöundu hverja tölu og byrjar á 7 – 14 og svo framvegis. **Hvaða tölu nefna þau bæði?**

F 14

G 21

H 28

I 32

⊥

7

⊥

⊥

⊥

⊥

PESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ

⊥

8

⊥